
Ólafsdalur við Gilsfjörð

Fornleifarannsóknir árið 2021

4. áfangi



HILDUR GESTSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

AÐRIR HÖFUNDAR EFNIS:

BIRNA LÁRUSDÓTTIR & KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2022

FS891-18124



Forsíðumyndin sýnir skálann í Ólafsdal á meðan á rannsókninni stóð. Unnið að undirbúningi á sýnatöku úr síðasta gólflaginu

©Fornleifastofnun Íslands 2022

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

| | |
|--|----|
| Efnisyfirlit | |
| Grunnupplýsingar..... | 3 |
| Útdráttur..... | 5 |
| Abstract..... | 5 |
| Inngangur..... | 6 |
| Forsagan..... | 7 |
| Aðferðafræði..... | 11 |
| Gripir..... | 11 |
| Jarðvegssýni og fleyting..... | 11 |
| Niðurstöður..... | 13 |
| Skáli..... | 13 |
| Elsta byggingarstig..... | 14 |
| Utan við skálann..... | 22 |
| Gripir..... | 26 |
| Járn..... | 26 |
| Viður..... | 26 |
| Bein..... | 27 |
| Gler..... | 27 |
| Steinn..... | 27 |
| Samantekt..... | 28 |
| Lokaorð..... | 29 |
| Heimildir..... | 31 |
| Viðaukar..... | 32 |
| Viðauki 2: Einingaskrá..... | 32 |
| Viðauki 3: Gripaskrá..... | 51 |
| Viðauki 4: Sýnaskrá..... | 52 |
| Viðauki 5: Skýrslur Ólafsdalsrannsóknna..... | 54 |

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 201709-0076.

Þjóðminjasafnsnúmer: 2021-47.

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: DA-198:137A.

Birna Lárusdóttir (ritstj.) 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fornleifaskráning með landsháttagreiningu.* Fornleifastofnun Íslands, FS708-16132.

Stutt lýsing rannsóknar: Uppgröftur á skálarúst í Ólafsdal.

Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn.


Staðsetning: Ólafsdalur við Gilsfjörð.

GPS hnit: ISN93: 372735A 548570N.

Rannsóknartími: 3. ágúst – 22. ágúst 2021.

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir.

Fjöldi starfsmanna: 6



Útdráttur

Sumarið 2021 var lögð áhersla á að klára uppgröftinn á skálatóftinni sjálfri. Fyrri rannsóknir höfðu sýnt fram á að á síðustu notkunarskeiðum skálans virðist ekki hafa verið föst búseta, og að undir lokin hafi í raun ekki verið búið þar, heldur að hann hafi verið nýttur sem geymsla eða vinnuaðstaða. Nú síðast var elsta byggingarstig skálans grafið upp. Þá hefur nýting á skálanum verið með öllu hefðbundnara sniði, langeldur í miðju skálans, set meðfram langveggjum og koluð gólfög á milli þeirra. Þrjár ráðir af stoðarholum/steinum, meðfram setum og eftir miðju skálans marka burðarvirki skálans. Töluverð útmoksturlög mynduð og kolum og eldbrunnum steinum voru grafin upp við noðrvesturhorn skálans, rétt utan við innganginn í skálann. Á þessu stigi er erfitt að segja til um það hvort þau tilheyra skálanum eða mannvirkinu sem liggur vestan við hann. Undan veggjarhruni austan megin við skálan komu í ljós töluverð torflög sem liggja í austur frá uppgraftarsvæðinu, og benda til þess að þar gætu verið fleiri áður óþekkt mannvirki.

Lykilorð: Víkingaöld, víkingaskáli, Vesturland, Gilsfjörður, Ólafsdalur

Abstract

During the 2021 season the focus of the project was to complete the excavation of the longhouse itself. Previous excavations at the site had demonstrated that during the last phases of use the longhouse does not seem to have been used for occupation, but that rather it had been used for storage and as a workarea. During the earliest phase of the longhouse the use of the structure was more conventional, a central hearth, benches along the wall and charcoal rich floor deposits. Three rows of post-holes/stones mark the timber structure of the building. Thick deposits of charcoal and firecracked stones outside the entrance, at the northwestern corner of the building probably represent dumps from shovelling out either the longhouse or the as yet unexcavated structure immediately west of the longhouse. Turf collapse to the east of the longhouse revealed thick turf deposits, indicating there may be further structures to the east of the longhouse as well.

Keywords: Viking Age, Long-house, West Iceland, Gilsfjörður, Ólafsdalur

Inngangur

Fjórði áfangi fornleifauppgrftar í Ólafsdal við Gilsfjörð fór fram dagana 3.-22. ágúst 2021. Alls unnu sjö fornleifafræðingar við rannsóknina þetta árið. Þessi skýrsla er sú fimmta í röð uppgraftarskýrslna um rannsóknir í Ólafsdal. Birna Lárusdóttir ritaði kafla um forsögu fornleifarannsókna í Ólafsdal og Kristjana Vilhjálmsdóttir vann griparannsókn og -skýrslu. Hildur Gestsdóttir sá um úrvinnslu og skýrslugerð annarra uppgrafthluta en naut aðstoðar Lilju Laufeyjar Davíðsdóttur og Stefáns Ólafssonar. Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir sá um innslátt á frumgögnum og aðstoðaði við frágang á gripum. Að vettvangsvinnu komu: Birna Lárusdóttir, Hildur Gestsdóttir, Hólmsfríður Sveinsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Stefán Ólafsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Vinnu var haldið áfram þar sem frá var horfið sumarið 2020.

Sem fyrr var rannsóknarsvæðið vel skráð með loftmyndum teknum með flygildi, sem sýna þróun uppgrftar og skálans á hinum ýmsu stigum rannsóknarinnar en einnig varpa þær ljósi á nýtingu svæðisins og önnur mannvirki. Staðfest var sumarið 2020 að vestan við núverandi skálatóft er önnur bygging sem liggur þétt upp við þann sem nú er rannsakaður.

Vegna heimsfaraldurs voru fjöldagestakomur líkt og hefur verið á Ólafsdalshátíð ekki skipulagðar þetta árið.

Forsagan

Birna Lárusdóttir

Ólafsdalur við Gilsfjörð er einkum þekktur fyrir minjar frá tímum fyrsta búnaðarskóla á Íslandi sem var í rekstri 1880-1907. Eftir að skólinn leið undir lok var rekinn hefðbundinn búskapur á jörðinni allt fram til ársins 1968 en eftir það fór hún í eyði og grotnuðu byggingar smám saman niður og týndu tölunni. Eftir stóð hið glæsilega skólahús, tvílyft timburhús á kjallara, sem reist var á árunum 1895-96. Lengi voru ýmsar hugmyndir uppi um að endurvekja forna frægð staðarins, gera húsið upp og hefja starfsemi sem hæfði staðnum. Þetta var meginmarkmið Ólafsdalsfélagsins sem var stofnað sumarið 2007. Á vegum þess hafa m.a. verið haldnar fjölsóttar hátíðir á staðnum hvert sumar og í húsinu hafa verið listsýningar og kaffisala. Uppbyggingarverkefnið reyndist umfangsmikið og fjárfrekt en árið 2015 gekk ríkið til samninga við Minjavernd um endurreisn staðarins.



Mynd 1. Horft yfir tún í Ólafsdal til vesturs. Skólahúsið er skammt hægra megin og ofan við miðju

Uppbygging er nú hafin á húsum frá tímum skólans og sömuleiðis kveða samningar á um að gera skuli minjum þar hátt undir höfði og horfa til menningarlandslags í dalnum


í heild sinni. Í tengslum við þessi áform var gert deiliskipulag fyrir hluta gamla heimatúnsins og fór Minjavernd þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að fornleifar þar yrðu skráðar. Sú vinna fór fram sumarið 2016¹ og í framhaldinu var ákveðið að láta ekki þar við sitja heldur skrá minjar á allri jörðinni, enda ljóst að um óvenjulega heildstætt og vel varðveitt menningarlandslag væri að ræða, ekki síst vegna ýmissa jarðarbóta og starfsemi frá búnaðarskólatímanum.² Við þessa vinnu uppgötvaðist fornlegt rústasvæði innarlega í dalnum, í tungunni milli Ólafsdalsár og Hvarfsdalsár. Þar var m.a. aflöng skálalaga rúst og við norðurenda hennar lítil rúst sem líkist jarðhúsi (sjá Mynd 2 & Mynd 3). Prufuskurður var grafinn í stóru rústina haustið 2017 með tilstyrk Minjaverndar og tekin borkjarnasýni innan veggja og utan. Í ljós kom gólflög í stóru rústinni og hafa sýni úr því verið aldursgreind til víkingaaldar með C14 greiningu.³ Árið 2018 var gerð þriggja ára rannsóknaráætlun sem fól í sér uppgröft á skála og jarðhúsi. Styrkur fékkst úr Fornminjasjóði til að hefja uppgröft á staðnum og samhliða gerði Fornleifastofnun Íslands þriggja ára samning við Minjavernd þess efnis að fyrirtækið myndi styrkja rannsóknina þannig að greidd yrði fjárhæð með fengnum styrkjum sem tvöfaldaði upphæðina. Uppgröfturinn hófst sumarið 2018. Skálinn var þá afhjúpaður og reyndist samanstanda af fleiri en einu byggingarstigi. Í honum voru þykk gólflög, sáför og öskuhaugur utan við langvegg. Allt benti til að búið hefði verið á staðnum um nokkurt skeið.⁴ Sumurinn 2019 og 2020 héldu rannsóknar á skálanum og nærliggjandi byggingum áfram. Uppgreftir á skálatófinni sjálfri lauk svo sumarið 2021, og er þeim áfanga gerð skil með þessari skýrslu. Styrkurinn hefur öll árin verið töluvert lægri en vonast hafði verið til og því hefur rannsókn miðað hægar en ráðgert var í upphafi.

¹ Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016.

² Birna Lárusdóttir 2018.

³ Birna Lárusdóttir ofl. 2018.

⁴ Roberts og Birna Lárusdóttir, 2019.



Mynd 2. Uppmæling rústasvæðisins frá 2017. Fyrirhugað uppgraftarsvæði afmarkað með ferhyrningi. Norður er upp.

Markmið með rannsóknum í Ólafsdal eru margþætt. Auk þess að grafa upp skála hafa nú verið teknir profuskurðir í fleiri byggingar á bæjarstæðinu til að varpa ljósi á búskaparhætti á notkunartíma skálans. Sömuleiðis hafa sýni verið tekin úr mýri austan rústanna til að skoða áhrif búsetu á gróðurfar í dalnum (sjá viðauka 1). Þekking á minjum frá víkingaöld, bæði kumlum og bæjarstæðum, hefur vaxið mikið á undanförunum árum með auknum fornleifarannsóknum víða um land. Vesturland og sunnanverðir Vestfirðir, einkum svæðið frá Laxárdal (Eiríksstaðir) norður í Patreksfjörð/Arnarfjörð (kuml í Hringsdal/Vatnsdal, Grelutóttir), er þó áberandi snautt af þekktum minjum frá víkingaöld. Þar er einungis vitneskja um örfá kuml sem flest voru rannsökuð fyrir meira en 100 árum en auk þess hefur á síðustu árum verið unnið að rannsóknum á víkingaaldarminjum í Arnarfirði á vegum Náttúrustofu Vestfjarða. Uppgröftur í Ólafsdal er tvímælalaust tímabært innlegg í rannsóknir á landnámi og þróun byggðar á fyrstu öldum á svæðinu og er það von þeirra sem að rannsókninni standa að hún muni efla áhuga á minjum á svæðinu og ekki síst fornleifaskráningu sem er mjög skammt á veg komin í Dala- og Barðastrandasýslu. Fornleifaskráning er almennt góð forsenda frekari fornleifarannsókna og leiðir oft í ljós

áður óþekktar rústir eins og dæmið um Ólafsdal sýnir. Hún hefur einnig leitt í ljós að menningarlandslag í Ólafsdal er einstakt á landsvísu. Búnaðarskólinn á þar mestan þátt og flestar minjar þar tengjast honum, til að mynda beðasléttur, nátthagar og vatnsveituminjar – tæknileg kunnátta sem síðar breiddist út um landið með nemendum skólans. Víkingaaldarrústir gefa dalnum tvímælalaust aukið gildi, enda verður hægt að fræðast þar um 1000 ára sögu dalsins, allt frá uppgangi í landbúnaði í upphafi tæknialdar aftur til landnáms. Með rannsóknum skapast styrkari forsendur fyrir menningartengdri ferðaþjónustu á staðnum sem hefur alla burði til að verða einn best kynnti og aðgengilegasti minjastaður á Vesturlandi og þótt víðar væri leitað.



Mynd 3. Skálarústin fyrir uppgröft. Horft í suðvestur.

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er m.a. í uppgrafterhandbók Fornleifastofnunar Íslands.⁵ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp í Ólafsdal. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn. (Harrismatrixcomposer.com)

Gripir

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Er þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftersvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.⁶

Jarðvegssýni og fleyting

Tekin voru jarðvegssýni til fleytingar úr gólflögum, eldstæðum og gryfjum. Gólflögum var skipt upp í reiti og sýni tekið úr hverjum reit til að auðvelda samanburð, ef mismunur reynist á milli sýnanna sem getur gefið til kynna notkun á einstökum svæðum í skálanum.

⁵ Lucas, 2003.

⁶ Lucas, 2003.

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd einingánúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

Niðurstöður

Sumarið 2021 var uppgreftri á mannvistarlögum inni í skálanum lokið, en einnig voru mannvistarlög utan við skálann grafin.



Mynd 4. Loftmynd tekin með flygildi af elsta byggingarskeiði skálans.

Skáli

Á árunum 2018-2020 voru tvö yngstu⁷ byggingarskeið skálans grafin upp. Á yngsta byggingarskeiðinu voru gerðar miklar breytingar á skálanum, sáfar grafið í suður hluta hans, veggir hlaðnir og norður hluti skálans lokaður af. Svo virðist sem að skálinn hafi svo verið yfirgefinn fljótlega eftir að þær breytingar voru gerðar. Engin almennileg gólfög var að finna á þessu byggingarskeiði, og möguleiki að þeir hlutar skálans sem ennþá voru í notkun hafi verið nýttir sem geymsla en ekki íveruhús.⁸ Á næst yngsta byggingarskeiði skálans eru ýmsar vísbendingar um að þá hafi ekki þar heilsársbúseta. Á þeim tíma eru miklar breytingar á eldstæðum, ný skammtímaeldstæði hlaðin og hluti

⁷ Á þessu stigi hefur þessum byggingarskeiðum ekki verið gefið númer, þar sem ekki er útlokað að í lokaúrvinnslu verði þeim breytt.

⁸ Roberts og Birna Lárusdóttir 2019; Lilja Björk Pálsdóttir 2019.


eldri eldstæða endurnýtt. Þá eru lítið troðin gólfög á afmörkuðum svæðum sem benda til þess að aðeins hluti skálans hafi verið nýttur hverju sinni. Á lokaskeiðum þessa byggingarstigs eru einnig grafnar gryfjur í norðurenda skálans sem að líkindum hafa verið nýttar til að geyma einhverskonar vökva, þar sem þær voru fódraðar með leir. Hugsanlegt er að á þessu skeiði hafi skálinn ekki verið nýttur sem íveruhús, frekar einhvers konar vinnslusvæði.⁹

Elsta byggingarstig

Sumarið 2021 var elsta byggingarstig skálans grafið upp. Mannvistarlög því tengd voru mikið sundurgráfin af seinni tíma mannvirkjum á svæðinu. Þó er ljóst að á þessu byggingarskeiði hefur skálinn verið nýttur sem heilsárs íveruhús. Þá kom skýrari mynd af stoðarholum og stoðarsteinum sem borið hafa timburverk skálans, auk seta meðfram langveggjum. Á þessu skeiði, ólíkt yngri skeiðum náðu gólfög yfir allan gólflöt skálans, a milli seta. Þar að auki kom upprunalegi hluti langeldsins í ljós.

Hér á eftir verður fjallað um helstu mannvirki sem grafinn upp voru sumarið 2021 sem tilheyrja þessu byggingarstigi (sjá Mynd 5).

⁹ Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir 2021, bls



Mynd 5. Helstu mannvistarlög grafin 2021 (kortagerð Stefán Ólafsson).

Gryfja [1003]

Gryfja [1003] var í norðausturenda skálans (sjá Mynd 6). Hún var ferhyrnd, um 0,4 x 0,8 m að stærð (með stefnu austur-vestur), um 0,4 m á dýpt [939]. Hún var grafin ofan í jökulgrúsina sem skálinn var byggður ofan á og virðist hafa verið með grjóthlaðnar

hliðar, þó grjóthleðslan hafi aðeins varðveist meðfram suður- og vesturhlið gryfjunnar. Fylling gryfjunnar var blandaður jarðvegur með töluvert af grjóti [889], hugsanlega hrun úr hliðunum, og því ómögulegt að segja til um hver nýting hennar hafi verið, en þó er líklegast að þetta hafi verið einhvers konar geymsla.



Mynd 6. Gryfja [1003] á meðan á uppgreftri stóð. Horft í vestur.

Eldstæði [1027]

Eldstæði [1027] er elsta skeið suðureldstæðis [740]/[741].¹⁰ Þetta elsta skeið var mjög mikið skaddað af seinni tíma mannvirkjum, og þá sérstaklega af yngri eldstæðum (sjá Mynd 7). Það sem varðveist hefur af eldstæði [1027] er um 5 cm þykkt móöskulag blandað kolum og smásteinum [1026] sem sat í ílangri dæld 0,6 x 1,5 m á lengd, en þó er suðurendi hennar skorin af sáfari [158]¹¹ og því mögulegt að hún hafi upprunalega verið lengri. Smásteinar í jaðri móöskulags [1026] gætu verið leyfar af grjótkanti áþekkkum þeim sem sást í eldstæði [1399]. Umhverfis eldstæði [1027] voru leyfar af

¹⁰ Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir 2021, bls

¹¹ Lilja Björk Pálsdóttir 2019, bls 18.

koluðu lagi [932], sem tengist að öllum líkum nýtingu eldstæðisins. Eldstæðið hafði stefnun norður-suður og lá eftir miðri skálatóftinni eins og fyrri eldstæði.



Mynd 7. Eldstæði [1027] fyrir uppgröft þar sem sjá má kolaða kragann sem lá umhverfis leyfar eldstæðisins. Horft í austur.

Eldstæði [250]

Eldstæði [250] er í grunninn upprunalegi langeldurinn sem hefur verið megineldstæði skálans þegar hann var fyrst reistur. Eldstæðið hefur þó gengið í gegnum miklar breytingar, þá sérstaklega á næstýngsta byggingarskeiði skálans, og er þremur mismunandi skeiðum eldstæðisins [742], [743] & [515] lýst í skýrslunni frá 2020.¹²

Langeldur [1399]

Sumarið 2021 var elsta skeið eldstæðis [250] grafið upp, langeldurinn sjálfur [1399]. Hann hafði verið mikið skemmdur af seinni tíma mannvirkjum. Þar ber sérstaklega að nefna gryfju [515] sem hafði fjarlæggt norður enda langeldsins, en líka eldstæði [742] og [743] sem höfðu skemmt vesturhlið hans. Langeldurinn lá í miðjum skálanaum, með sömu stefnu og hann. Hann var ílangur, varðveitt lengd 2 m, en mest 0,9 m á breidd. Gryfja [515] fylgdi sömu stefnu og langeldurinn, í beinu framhaldi af honum og var jafn

¹² Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir 2021, bls

breið og hann, og er því talið líklegt að hún hafi verið gerð til að fjarlægja norður enda langeldsins. Ef svo er þá má leiða líkur að því að lengeldurinn hafi upprunalega verið 3,2 m á lengd. Langeldurinn hefur verið gerður með því að grafa grunna gryfju, 0,2 m á dýpt [1362]. Í suður enda hennar var lagður flatur steinn [1401], og meðfram austurbrún voru settir minni flatir steinar upp á rönd [1304]. Einn slíkur steinn er vestanmegin við steininn sem liggur í suðurenda gryfjunnar sem bendir til þess að líklegast hefur verið álík steinbrún meðfram vesturhliðinni (sjá Mynd 8). Gryfjan var grafin niður að jökulgrúsinni sem skálinn var reistur á, en ekki ofan í hana. Botn gryfjunnar var því mjög óreglulegur. Neðstu fyllingar langeldsins eru nokkur lagskipt móöskulög, alls um 0,2 m á þykkt. Lögin eru til skiptis kolablönduð móöskulög með brenndum beinum [1073, 1107, 1188] og svo hrein móaska þar sem engin merki eru um aðskotahluti [1187, 1305, 1357]. Í einu þessara laga fannst brot úr beinprjóni <2021-47-12>. Meðfram kanti eldstæðisins eru nokkur kolalög [1019, 1123, 1235, 1267, 1284, 1306]. Þar eru einnig nokkur pálför [1248, 1250, 1252], auk dælda eftir steina sem hafa verið fjarlægðir, [1071, 1106, 1255]. Þetta bendir til þess að töluverðar breytingar hafa verið gerðar á eldstæðinu á meðan það var í notkun (sjá Mynd 9). Ofan á móöskulögunum í eldstæðinu var steinlögn úr hellum og flötum steinum [1005].




Mynd 8. Langeldur [1399] á meðan á uppgreftri stóð. Horft í vestur.



Mynd 9. För eftir steina sem hafa verið fjalægðir, [1071, 1255] og pálför [1248, 1250, 1252] í eldstæði [1399]. Einnig sjást pinnaholur vestan við eldstæðið. Horft í austur.

Einungis voru þunn kola og móöskulög ofan á lögninni [1022, 1228], sem tengjast þá nýtingu eldstæðisins eftir að hellurnar eru settar í það. Hins vegar voru steinarnir mikið eldsprungnir og sótaðir sem bendir til þess að langeldurinn hefur verið nýttur í töluverðan tíma eftir að þeir voru lagðir í það, sem bendir til þess að hreinsað hafi verið úr því reglulega á meðan það var í notkun (sjá Mynd 10).



Mynd 10. Langeldur [1399] fyrir uppgröft, áður en hellulögn var fjarlægð. Einnig sjást pinnaholur umhverfist eldstæðið. Mynd tekin úr flygildi

Gólfög

Alls tíu gólfög voru skráð við rannsóknina, öll sunnan við innganginn sem er í vesturlangveggnum norðanverðum. Þar sem öll mannvistarlög á þessu elsta byggingarskeiði skálans eru mikið skemmd af yngri mannvirkjum innan skálans, þá er ekki ólíklegt að eitthvað af þessum lögum séu í raun sama gólfið. Helsta gólfagið sem ber að nefna þó er [744]=[1120]=[1121], sendið svart kolaborið gólflag, sem liggur á milli seta í öllum skálanum sunnan inngangsins¹³ og er þá samtíða langeldi [1399]. Þetta gólf er helsta gólfagið sem tilheyrir elstu búsetu skálans. Einu gripirnir sem skráðir voru í þessum góflögum voru kvartssteinar <2021-47-18> sem klárlega hafa verið bornir inn í skálann. Önnur góflög voru [758, 778, 779, 783, 842, 888, 1023]. Í

¹³ Hér ber að nefna að lokið var við að rannsaka norðurenda skálans suamrið 2020. Svæðið framan við innganginn er mikið skemmt, þá sérstaklega af gryfjum [163] og [289], en ljóst er að norður endi skálans hefur alltaf verið aðgreindur frá syðri hlutanum, fyrst með timburþili, markað af stoðarholum, og seinna torfhlöðnum vegg. Enginn koluð góflög fundust í norðurendanum, sem gæti bent til þess að þar hafi verið timburgólf (Lilja Björk Pálsdóttir, 2019; Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir, 2021).

Þessum gólfögum fundust tvær perlur <2021-47-01> og <2021-47-4>. Töluvert af sýnum bæði til fleytinga en einnig til að greina lípiða úr saur húsdýra tekin úr gólfögum, sem ættu að aðstoða við að túlka nýtingu skálans.



Mynd 11. Gólfög [1120] og [1121] fyrir uppgröft. Á myndinni sjást pinnaholur umhverfis eldstæðin tvö (mikill þurrkur var mest allan tíman sem unnið var Ólafsdal sem býddi að erfitt var að ná myndum af mannvistarlögum). Mynd tekin úr flygildi.

Pinnaholur

Líkt og fyrri ár í Ólafsdal var skráður mikill fjöldi pinnahola sumarið 2021, hátt í 240 holur. Þær voru í þyrpingum víðsvegar í skálanum, þá sérstaklega nálægt eldstæðum, og án efa marka athafnasvæði (sjá Mynd 11). Munu þær aðstoða við túlkun á mismunandi nýtingu skálans, samhliða niðurstöðum úr greiningu á þeim sýnum sem tekin voru úr gólfum og eldstæðum.

Innviðir skálans.

Sumarið 2021 komu set skálans klárlega í ljós meðfram austur og vestur langveggjum hans. En þau voru mynduð af lágum bakka [1398], c. 0,1-0,2 m á hæð, 0,5-1,5 m breiðir vestan megin en 0,3-1 m austan megin og meðfram honum stóðarholur fyrir bekkina.

Ofan á þessum baka voru víða uppsöfnuð þunn kolablönduð moldarlög [1060, 1061, 1326, 1388] sem safnast hafa undir setum. Það virðist sem að setin hafi lítið verið nýtt á seinni byggingarskeiðum, þar sem eldstæði höfðu verið sett inn á setin, þá sérstaklega vestanmegin í bygginguni.¹⁴ Einnig komu stoðarholur og stoðarsteinar sem tilheyra timburvirki skálans í ljós. Raðir stoða voru meðfram báðum langveggjum, framan við setin, en einnig eftir miðju skálans endilöngum (sjá Mynd 4 og Mynd 5).



Mynd 12. Stoðarhola [854]. Margar stoðarholur í Ólafsdal voru fóðaraðar með steinum, eins og sést hér. Horft í austur.

Utan við skálann.

Lokið var við að grafa mannvistarlög utan við skálann að mestu. Við norðvesturhorn skálans, norðan við innganginn, voru grafin í burtu 0,5 m þykk kolalög [746, 950] sem innihéldu mjög mikið af brenndum steinum og það sem talið er að hafi verið koluð söl,

¹⁴ Sjá Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir 2021.

en á eftir að staðfesta með greiningu (sjá Mynd 13). Í ljós kom að á þessu svæði hafði verið skorinn um 0,4 m hár bakki meðfram skálaveggnum [1004], og lágu þessi kolalög upp að honum. Ofan á kolalaginu lá töluvert af grjóti [777], sem hafði upphaflega verið skráð sem hluti af steinstétt sem liggur í innganginum (sjá Mynd 14).¹⁵ Í ljós kom að þetta grjót var ekki hluti af stéttinni, heldur grjótlag sem lagt hafði verið ofan á kolalagið.



Mynd 13. Kolalag við norðvesturhorn skála við lok rannsóknar. Hér sést bakkinn sem hefur verið skorinn utan við skálann vel, vinstra megin á myndinni. Horft í suður.

Að öllum líkindum er þetta kolalag einhvers konar útmokstur, en á þessu stigi er ómögulegt að vita hvaðan hann er uppruninn, hvort hann sé úr skálanum sjálfum eða bygginguni sem liggur fast vestan við skálann.¹⁶ Ekki verður hægt að svara þeirri spurningu nema að opna stærra svæði til vesturs og rannsaka mannvirkið sem liggur þar.

¹⁵ Lilja Björk Pálsdóttir 2019

¹⁶ Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir 2021.



Mynd 14. Grjótlag ofan á kolalagi við norðvesturhorn skálans. Horft í norður.

Ljóst var að norðurendi austurlangveggs skálans var töluvert raskaður, ytra byrði veggisins hafði runnið til austurs. Sumarið 2020 var sá hluti veggisins sem hafði færst úr staðgrafin í burtu, bæði steinar [1108, 1150, 1289] og torfhrun [1017, 1221], og kom í ljós að við miðbik skálans þá hafði neðsta steinaröðin ekki færst úr stað, og kom hún í ljós undan torfhruni (sjá Mynd 15). Undir hruninu úr veggnum komu einnig í ljós þykk torflögg sem liggja í austur frá núverandi uppgraftarsvæði, sem gæti bent til þess að þar séu frekari mannvirki að finna.




Mynd 15. Mynd úr flygildi af skálanum við lok rannsóknar.

Gripir

Kristjana Vilhjálmsdóttir

Við rannsókn í Ólafsdal árið 2021 fundust 56 gripir undir 15 fundarnúmerum auk dýrabeina sem skráð voru undir fjögur fundanúmer.



Járn

Við rannsóknina fundust 15 járngríp. Flestir gripanna fundust í ruslalagi [746] og voru það tveir smáhnífar, <2021-47-5> og <2021-47-7>, hringlaga festing, rónagli og sjö naglar, einnig skráð á <2021-47-7> auk tveggja ógreinanlegra brota, undir <2021-47-2> og <2021-47-7>. Hnífarnir voru báðir illa farnir og brotið bæði af blaði og tanga. Rónaglinn var heill, 4,9 cm á lengd, en allir aðrir naglar voru brotnir. Höfuð voru á tveimur nöglum, bæði flöt en annað sporöskjulaga og hitt ferstrent. Viðarleifar voru við tvo nagla og annað af ógreinanlegu brotunum.

Í pinnaholu [937] fannst nagli <2021-47-9> með rúnnaðan, mögulega þrístrendan, flatan haus og í ílangri dæld [1249] fannst einnig brot <2021-47-16> sem líklega er leggur af nagla.

Viður

Tveir litlir viðarbútar fundust 2021, báðir a.m.k. að hluta kolaðir. Annar þeirra fannst með hníf <2021-47-5> og var skráður undir sama númeri. Mögulegt er að búturinn hafi verið hluti af skafti hnífsins. Hinn viðarbúturinn var skráður með járngrípum

<2021-47-7>, en þar undir eru naglar, hnífur og festing. Hlutverk viðarbútsins er óþekkt.

Bein

Einn gripur, <2021-47-12> úr unnu beini fannst í móösku í eldstæði [1107]. Gripurinn er brot af beinprjóni, með krosslaga höfði. Höfuðið er með stuttum örmum, en mögulegt er að brotnað hafi af þeim og þeir hafi upphaflega verið lengri.

Gler

Tvær glerperlur af víkingaaldargerð fundust árið 2021, báðar í gólflögum. Báðar perlurnar eru blásnar. Önnur, <2021-47-1>, er tvöföld og blá að lit og fannst í gólflagi [888] við suðurenda skálans. Hin, <2021-47-4>, er einföld og glær að lit en hefur líklega upprunalega verið með silfurþynnu. Hún fannst í kolabornu gólflagi [783.] Svipuð perla og <2021-47-1> fannst í skálanum árið 2019, <2019-45-21>, og samskonar perla og <2021-47-4> fannst einnig árið 2020, <2020-07-22>.

Steinn

Steinar voru stærsti gripaflokkurinn í Ólafsdal árið 2021, alls 36 gripir. Einn steingripur er erlendur, brýni <2021-47-15> sem líklega er frá Noregi, en aðrir steinar eru líkast til innlendir.

Brýnið er úr dökkgráu fínkornóttu flögubergi, líkt og önnur brýni sem fundist hafa í Ólafsdal. Önnur grófari gerð brýna er algengari á flestum stöðum frá víkingaöld á Íslandi sem rannsakaðir hafa verið, að Herjólfssdal í Vestmannaeyjum, Hrísbú í Mosfellsdal og Lækjargötu í Reykjavík undanteknum (sjá umfjöllun um brýni í áfangaskýrslu um Ólafsdal 2019¹⁷). Brýnið fannst í kolalagi [1028]. Það er mjög máð, brotið í annan endan og hefur einnig líklega klofnað að endilöngu. Heili endinn er fleiglaga og á langhlið má sjá samhliða för, líklega eftir fínverkfæri.

Tveir litlir molar úr rauðabergi <2021-47-14> fundust í mögulegri stoðarholu [1024]. Þessi steintegund er algeng í nágrenni skálans en molarnir gætu upphaflega hafa verið ætlaðir sem hráefni í smágripi og má hugsanlega sjá merki um vinnslu á einni hlið annars molans. Nokkrir gripir úr rauðabergi hafa fundist á fyrri árum

¹⁷ Lilja Björk Pálsdóttir 2019.

rannsóknarinnar í Ólafsdal: dýrsfígúra <2019-45-40>, mögulegt verkfæri <2019-45-034> og perla <2020-07-01>.

Í ruslalagi [746] fannst ílangur fimmstrendur steinn <2021-47-6>, 13 cm á lengd, mögulega með slitflötum á a.m.k. tveimur hliðum. Aðrir steinar sem fundust við rannsóknina 2021 voru allir óunnir aðfluttir smásteinar. Flestir þeirra, eða 23, voru einnig í ruslalagi [746] og skráðir undir sama fundanúmer, <2021-47-6>. Einnig fundust tveir smásteinar <2021-47-19> í torfkendu lagi [861], fjórir steinar <2021-47-13> í pinnaholu [1020], tvær steinvölur <2021-47-18> í gólflagi vestan við eldstæði og loks einn steinn <2021-47-17> í jarðlagi [1230] við austurhlið eldstæðis.

Samantekt

Líkt og sýnst hefur fyrri ár eru varðveisluskilyrði fyrir lífræn efni slæm í Ólafsdal. Þær lífrænu leifar sem fundust höfðu allar lent í eldi eða lágu saman við járn. Dýrabein sem fundust við rannsóknina voru einnig brennd, auk nokkurra tanna. Varðveisla málmgripa er ekki heldur mjög góð en þeir járngríp sem fundust voru flestir mjög ryðbrunnir og aflagaðir. Glerperlurnar sem fundust voru hins vegar báðar í ágætu ásigkomulagi.

Gripirnir sem fundust í Ólafsdal 2021 eru sambærilegir þeim sem fundist hafa á fyrri árum rannsóknarinnar. Gripirnir tengjast persónulegri skreytingu en einnig þeirri vinnu sem fór fram innan skálans, s.s. viðgerðum og smíðavinnu. Einnig sjást möguleg merki um tilraunir til nýtingar á innlendu efni en á fyrri árum rannsóknarinnar hafa fundist gripir gerðir úr rauðabergi. Rauðabergsmolarnir sem fundust 2021 höfðu þó líkast til endað í stoðarholu enda er steintegundin stökk og brothætt og því í raun óhentug til nýtingar.

Lokaorð

Rannsókn á skálatóftinni í Ólafsdal er nú lokið. Skálinn, sem um 10 x 20 m að utanmáli, hafði gengið í gegn nokkur byggingarstig á meðan hann var í notkun. Ýmsar breytingar voru gerðar á innviðum skálans á þeim tíma. Rannsóknir 2018-2019 leiddu í ljós að stuttu áður en hann féll alveg úr notkun voru gerðar töluverðar breytingar á byggingunni, rými útbúið í norðurenda, sem var síðar lokað af og skálinn þannig stytur töluvert. Engin merki eru um búsetu í skálanum eftir að þessar breytingar áttu sér stað, líklegast hefur hann verið nýttur sem einhvers konar geymsla,¹⁸ og þá mögulega í tengslum við bygginguna vestan við skálann sem fannst síðasta sumar.

Rannsóknir sumarsins 2020 leiddu í ljós að í einhvern tíma áður en þessar breytingar áttu sér stað hefur ekki verið heilsársbúseta í skálanum. Á þessu tímabili eru mjög örar breytingar innan byggingarinnar, nokkur skammtímaeldstæði fara í notkun, annað hvort hlaðin upp eða nýtt úr hluta eldri eldstæða. Samtíða þessum eldstæðum eru nokkur veigalítill gólfög. Þau benda til þess að einungis hluti skálans hafi verið notaður hverju sinni, og að sú nýting hafi ekki varað lengi.

Sumarið 2021 var elsta byggingarskeið skálans grafið upp. Þá hefur nýting á skálanum verið með öllu hefðbundnara sniði, langeldur í miðju skálans, set meðfram langveggjum og koluð gólfög á milli þeirra. Þrjár ráðir af stoðarholum/steinum, meðfram setum og eftir miðju skálans marka burðarvirki skálans. Ljóst er að þó að allur skálinn hafi verið nýttur á þessu byggingarskeiði, að þá hefur honum verið skipt upp í minni einingar. Augljóststa skiptingin er norðan við innganginn, en þar eru merki um að timburþil hafi aðskilið norðurenda skálans. Engin koluð gólfög fundust á þessu svæði, sem gæti bent til þess að þar hafi verið timburgólf.¹⁹

Lítið fannst af gripum í elstu mannvistarlögum skálans, en töluverður fjöldi pinnahola sem fundust gjarnan í þyrpingum í gólfögum marka athafnasvæði. Þessi svæði fundust sérstaklega nálægt eldstæðum. Mikið var tekið af sýnum úr gólfögum og eldstæðum. Markmiðið er að nýta þau til að greina fræ og aðrar plöntuleyfar, saurmengun sem hægt er að tegundagreina til dýra, auk kolefnisgreininga. Niðurstöður úr þessum rannsókn samhliða rannsóknum á innviðum skálans munu til samans veita miklar upplýsingar um nýtingu skálans.

¹⁸ Roberts og Birna Lárusdóttir 2019, Lilja Björk Pálsdóttir 2019.

¹⁹ Lilja Björk Pálsdóttir & Lilja Björk Pálsdóttir 2021.

Töluverð útmoksturlög mynduð og kolum og eldbrunnum steinum voru grafinn upp við norðvesturhorn skálans, rétt utan við innganginn. Á þessu stigi er erfitt að segja til um það hvort þau tilheyra skálanum eða mannvirkinu sem liggur vestan við hann. Undan veggjarhruni austan megin við skálan komu í ljós töluverð torflög sem liggja í austur frá uppgraftarsvæðinu, og benda til þess að þar gætu verið fleiri áður óþekkt mannvirki.

Segja má að saga skálans í Ólafsdal skeri sig töluvert út frá öðrum skálum sem rannsakaðir hafa verið á Íslandi. Ekki eru til önnur dæmi þar sem skálabygging fær ný hlutverk eftir að heilsársbúsetu í skálanum lýkur. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að vinna frekari rannsóknir á bæjarstaðinu í Ólafsdal, enda mikilvægt að skilja hvernig búseta og nýting á svæðinu þróaðist til að setja sögu skálans í víðara samhengi. Rannsóknir Egils Erlendssonar eru mikilvægar í þessu tilliti, en þær gefa bæði til kynna hvernig umhverfisaðstæður voru við upphaf búsetu á svæðinu – þ.e. skógur eða kjarr var ekki ráðandi, og sömuleiðis bendir flest til að nytjar líkt og beit hafi ekki sett afgerandi mark á staðinn fyrr en á fyrri hluta 12. aldar, sem er tiltölulega seint miðað við marga aðra rannsóknarstaði á Íslandi.

Sumarið 2022 er stefnt að því að hefja rannsókn á viðbygginguni sem liggur vestan við skálatóftina. Hún er töluvert minni en skálinn, um 15m á lengd, en með sömu stefnu og hann, og virðist vera byggður utan í skálann. Borkjarnar hafa sýnt fram á að í því mannvirki séu koluð gólf, sem bendir til þess að það hafi verið íveruhús. Með rannsókn á því mannvirki er búist við því skilningur okkar á þeim breytingum sem verða á skálanum sjálfum verði skýrari, og byrja þannig að byggja upp nákvæmari mynd af bæjarstaðinu í Ólafsdal.

Heimildir

- Birna Lárusdóttir. 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fornleifaskráning með landsháttagreiningu*. FS708-16132. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Stefán Ólafsson. 2018. *Fornleifakönnun á víkingaaldarbæjarstæði í Ólafsdal*. FS685-17231. Fornleifastofnun Íslands.
- Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2016. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal. Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð*. FS618-16131. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Lilja Björk Pálsdóttir. 2019. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2019. 2. áfangi*. FS777-18122. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- Lilja Björk Pálsdóttir og Hildur Gestsdóttir. 2021. *Ólafsdalur við Gilsfjörð. Fornleifarannsóknir árið 2020. 3. áfangi*. FS841-18123.
- Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Roberts, Howell M. og Birna Lárusdóttir. 2019. *Ólafsdalur 2018 - An interim report*. FS731-18121. Fornleifastofnun Íslands.

Viðaukar

Viðauki 2: Einingaskrá

| Eining | Hópur | Teg. | Lýsing | Dags | ID |
|--------|--------------|------|---|----------|-----|
| 744 | | D | Gólflagi í miðjum skála | 4.8.2021 | HS |
| 745 | 742/250 | D | Hellur úr eldstæði | 4.8.2021 | JVG |
| 746 | 1400 | D | Moldarblandað kolalag með töluvert af grjóti norðan við inngang. Einhvers konar útmokstur? | 4.8.2021 | SÓ |
| 747 | | D | Móösku- og kolalag sunnan við eldstæði (undir því er steinmulningur) | 5.8.2021 | JVG |
| 748 | | D | Pinnahola undan gólflagi [744] | 5.8.2021 | HS |
| 749 | | C | Pinnahola undan gólflagi [744] | 5.8.2021 | HS |
| 750 | | D | Pinnahola undan gólflagi [744] | 5.8.2021 | HS |
| 751 | | C | Pinnahola undan gólflagi [744] | 5.8.2021 | HS |
| 752 | | D | Pinnahola undan gólflagi [744] | 5.8.2021 | HS |
| 753 | | C | Pinnahola undan gólflagi [744] | 5.8.2021 | HS |
| 754 | | C | (HOLA - ENDURSKRÁNING FRÁ 2020 ATH??) | 5.8.2021 | JVG |
| 755 | 250/ 1399 | D | Kolalag með brenndum steinum upp við eldstæði | 6.8.2021 | HS |
| 756 | | D | Kolablönduð fylling í [757] | 6.8.2021 | HG |
| 757 | | C | Grunn hola sunnan við eldstæði [250]. Hugsanlega tvær holur, eða dæld eftir að eitthvað var fjarlægt? | 6.8.2021 | HG |
| 758 | | D | Gólflagi austan við eldstæði [250] | 6.8.2021 | JVG |
| 759 | | D | Pinnahola undan gólflagi [755] | 6.8.2021 | HS |
| 760 | | C | Pinnahola undan gólflagi [755] | 6.8.2021 | HS |
| 761 | | D | Pinnahola undan gólflagi [755] | 6.8.2021 | HS |
| 762 | | C | Pinnahola undan gólflagi [755] | 6.8.2021 | HS |
| 763 | | D | Pinnahola undan gólflagi [755] | 6.8.2021 | HS |
| 764 | | C | Pinnahola undan gólflagi [755] | 6.8.2021 | HS |
| 765 | | C | Pinnahola við eldstæði undir gólfi [758] | 6.8.2021 | JVG |
| 766 | | C | Pinnahola við eldstæði undir gólfi [758] | 6.8.2021 | JVG |
| 767 | | C | Pinnahola við eldstæði undir gólfi [758] | 6.8.2021 | JVG |
| 768 | | C | Pinnahola við eldstæði undir gólfi [758] | 6.8.2021 | JVG |
| 769 | | C | Pinnahola við eldstæði undir gólfi [758] | 6.8.2021 | JVG |
| 770 | | C | Pinnahola við eldstæði undir gólfi [758] | 6.8.2021 | JVG |
| 771 | | C | Pinnahola við eldstæði undir gólfi [758] | 6.8.2021 | JVG |
| 772 | | C | Pinnahola við eldstæði undir gólfi [758] | 6.8.2021 | JVG |
| 773 | | D | Stoðarhola við eldstæði undan gólflagi [755] | 9.8.2021 | HS |
| 774 | | C | Stoðarhola við eldstæði undan gólflagi [755] | 9.8.2021 | HS |
| 775 | | D | Stoðarhola við eldstæði undan gólflagi [755] | 9.8.2021 | HS |
| 776 | | C | Stoðarhola við eldstæði undan gólflagi [755] | 9.8.2021 | HS |

| Eining | Hópur | Teg. | Lýsing | Dags | ID |
|--------|-------|------|--|-----------|-----|
| 777 | 1400 | D | Flatir steinar ofan á [746] - skráð sem hluti af stétt [256] en er raskað/rutt til | 9.8.2021 | SÓ |
| 778 | | D | Gólflag með móösku og viðarkolum í norðurenda skála | 9.8.2021 | LP |
| 779 | | D | Gólflag | 9.8.2021 | HS |
| 780 | | D | Áfok á milli gólflaga =[781]? | 9.8.2021 | JVG |
| 781 | | D | Áfok á milli gólflaga =[780]? | 9.8.2021 | LP |
| 782 | | C | Pinnahola (mögulega endurskráning frá fyrri árum) | 10.8.2021 | JVG |
| 783 | | D | Kolaborið gólflag | 10.8.2021 | LP |
| 784 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 785 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 786 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 787 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 788 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 789 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 790 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 791 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 792 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 793 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 794 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 795 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 796 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 797 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 798 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 799 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 800 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 801 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 802 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 803 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 804 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 805 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 806 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 807 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 808 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 809 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 810 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 811 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 812 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 813 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 814 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 815 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |

| Eining | Hópur | Teg. | Lýsing | Dags | ID |
|--------|-------|------|---|-----------|-----|
| 816 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 817 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 818 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 819 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 820 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 821 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 822 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 823 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 824 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 825 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 826 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 827 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 828 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 829 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 830 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 831 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 832 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 833 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 834 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 835 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 836 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 837 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 838 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 839 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 840 | | D | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 841 | | C | Pinnahola undir gólfi [779] | 10.8.2021 | HS |
| 842 | | D | Mögulegt gólflög yfir stoðarholum | 10.8.2021 | JVG |
| 843 | | D | Grjót ofan á stoðarholu [854] | 10.8.2021 | HG |
| 844 | | D | Torflög vestan við eldstæði [250] | 10.8.2021 | HS |
| 845 | | C | Dæld sem golf lekur ofan í, stoðarhola? | 10.8.2021 | JVG |
| 846 | | D | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 847 | | C | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 848 | | D | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 849 | | C | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 850 | | D | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 851 | | C | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 852 | | D | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 853 | | C | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 854 | | | Stoðarhola (ath kontext blað) | 10.8.2021 | |
| 855 | | D | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 856 | | C | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |

| Eining | Hópur | Teg. | Lýsing | Dags | ID |
|--------|--------|--------|---|-----------|--------|
| 857 | | D | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 858 | | C | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 859 | | D | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 860 | | C | Pinnahola | 10.8.2021 | LP |
| 861 | | D | Lítið torflag syðst í skála | 10.8.2021 | LP |
| 862 | | D | Fylling í [863] | 10.8.2021 | JVG |
| 863 | | C | Stoðarhola | 10.8.2021 | JVG |
| 864 | | D | Pinnahola undir [844] | 10.8.2021 | HS |
| 865 | | C | Pinnahola undir [844] | 10.8.2021 | HS |
| 866 | | D | Pinnahola undir [844] | 10.8.2021 | HS |
| 867 | | C | Pinnahola undir [844] | 10.8.2021 | HS |
| 868 | | D | Pinnahola undir [844] | 10.8.2021 | HS |
| 869 | | C | Pinnahola undir [844] | 10.8.2021 | HS |
| 870 | | D | Pinnahola undir [844] | 10.8.2021 | HS |
